

Myllan hefur ákveðið með tilliti til neytendaverndar og í samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur að innkalla heil Heimilisbrauð 770 g með best fyrir 27.01.2025 vegna aðskotahlutar sem sást á röntgenmyndum við hefðbundið gæðaeftirlit en mögulega er um að ræða brot úr peru.

Neytendum er bent á að neyta ekki 770 g Heimilisbrauðs með best fyrir dagsetningu 27.01.2025 heldur farga þeim eða skila í verslanir þar sem þau eru keypt eða til Myllunnar Blikastaðavegi 2.

Tegund innköllunar: Vara mögulega með aðskotahluti

Vöruheiti: Heimilisbrauð heilt 770 g

Vörunúmer: 1023

Umbúðir: Poki

Nettóþyngd: 770 g

Framleiðandi: Myllan

Best fyrir: 27.01.2025

Strikanúmer: 5690568010235

Dreifing: Verslanir um land allt



Frekari upplýsingar fást hjá gæðadeild Myllunnar (gaedastjori@myllan.is / s. 5102300)